


50. Siglingaþing Siglingasambands Íslands

Skýrsla stjórnar



18.02.2023

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Siglingasamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal
Engjavegi 4
104 Reykjavík
netfang sil@silsport.is

Efnisyfirlit

DAGSKRÁ 50. SIGLINGAÞINGS	3
STJÓRN SÍL KOSIN Á 49. SIGLINGAÞINGI 2021	3
YFIRLIT YFIR IÐKENDUR	4
SKÝRSLA STJÓRNAR	5
ÚRSLIT 2022	8
LÖG SÍL	13
REIKNINGAR 2022	17
ÁRITUN SKOÐUNARMANNA	20

Skýrsla 50. Siglingþings var unnin af
Gunnari Haraldssyni
Úlfi Helga Hróbjartssyni

Dagskrá 50. Siglingaþings SÍL

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Lögð fram skýrsla stjórnar
8. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins.
9. Umræður um skýrslu stjórnar
10. Umræður um og samþykkt reikninga
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
12. Lagabreytingatillögur
13. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
14. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar
 - a. Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
 - i. b) Kosning fastanefnda
 - i) Fjárhagsnefnd 3 manna
 - ii) Laga- og leikreglnanefnd 3 manna
 - iii) Mótanefnd 3 manna
 - b. Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
 - c. Fulltrúa á íþróttatþing í samræmi við reglur ÍSÍ
17. Þingslit

Stjórn SÍL kosin á 49. Siglingaþingi 2022

Gunnar Haraldsson formaður
Markús Pétursson varaformaður
Anna Karen Jörgensdóttir ritari
Arnar Freyr Jónsson gjaldkeri
Gauti Elfar Arnarsson meðstjórnandi
Aðalsteinn Jens Loftsson varamaður
Gunnar Úlfarsson varamaður
Ríkharður Daði Ólafsson varamaður

Yfirlit yfir iðkendum

Í eftirfarandi töflu má sjá tölur um fjölda iðkenda í siglingum sem unnar eru úr skýrsluskilum á vormánuðum 2021.

Héraðssamband/félög	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Íþróttabandalag Reykjavíkur							
Brokey, siglingafélag Reykjavíkur	205	170	168	175	171	170	258
Kayakklúbburinn	497	493	492	491	493	491	880
Ungmennafélag Kjalarnespings							
Siglingafélagið Ýmir	252	249	259	209	209	230	15
Íþróttabandalag Akureyrar							
Siglingafélagið Nökkvi	53	-	182	245	276	266	234
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar							
Siglingaklúbburinn Þytur	296	303	379	506	572	253	173
Siglingafélagið Hafliði							15
Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu							
Siglingadeild Snæfells	25	25	1	1	1	0	
Héraðssamband Vestfirðinga							
Siglingafélagið Sæfari	50	50	50	50	50	112	66
Ungmennasamband Skagafjarðar							
Siglingaklúbburinn Drangey	97	97	97	97	97	97	97
Íþróttabandalag Akraness							
Siglingafélagið Sigurfari		11	44	35	69	52	44
Alls	1.475	1.398	1.672	1.809	1.938	1.617	1.782

Hér vantar iðkendatölur fyrir Siglingadeild Völsungs og Sjósportklúbb Austurlands. Siglingafélagið Hafliði, sem er nýlega stofnað, hefur eðli málsins samkvæmt ekki skilað gögnum fyrir öll tímabilin.

Siglingafélagið Knörr í Keflavík var endurvakið vorið 2022 og um leið og mun skila sinni fyrstu starfsskýrslu vorið 2023. Þá hefur endurvakið siglingafélag Vogur í Garðabæ ekki enn verið tekið inn í viðeigandi héraðssamband en þegar svo verður mun það einnig verða fullgildur félagi í SÍL.

Skýrsla stjórnar



Inngangur

Ný stjórn Siglingasambands Íslands (SÍL) tók við í mars 2022.

Eitt fyrsta verk stjórnar var að fá Úlf H. Hróbjartsson til að taka við framkvæmdastjórn sambandsins og leysa af framkvæmdastjóra sambandsins Mariönnu Ástmarsdóttur sem fór í barneignarleyfi í janúar 2022. Marianna kom aftur til starfa hjá SÍL í lok janúar 2023.

Afreksstarf

Afreksstarfs sambandsins hafði verið lítið um nokkuð skeið, enda litaðist ástandið mjög af Covid-19 faraldrinum. Lítið var um mót í Evrópu og erfitt með æfingar hér á landi. Engu að síður héldu aðildarfélög SÍL úti starfi sínu og þá sérstaklega með æfingum á sjó þegar veður leyfðu, en einnig með þol- og styrktaræfingum í landi.

Keppnistímabilið á Íslandi hófst þann 21. maí 2022. Það fór rólega af stað og má þar helst kenna tíðinni um en vorið var mjög kalt.

SÍL var boðið að taka þátt í *Emerging Nations* prógrammi Alþjóðasiglingasambandsins í tengslum við Heimsmeistaramót ungmenna sem haldið var í Haag dagana 8.-15. júlí. Af tilnefningum okkar fékk Hólmfríður Gunnarsdóttir þátttökurétt til keppni og Ísabella Sól Tryggvadóttir rétt til þátttöku í þjálfarafræðslu í tengslum við mótið. Þær þáðu báðar þau boð.

Fljótlega eftir að ný stjórn tók við var Hörður E. Finnbogason ráðinn landsliðsþjálfari og tók hann til starfa í maí 2022. Hans fyrsta verkefni var að skoða iðkendur í samræmi við þau verkefni sem fram undan voru, þ.m.t. heimsmeistarmót ungmenna sem þegar hefur verið nefnt en að auki Norðurlandamót ungmenna sem haldið var í Helsinki í Finnlandi dagana 25-30. júlí.

Hörður hélt frekari helgaræfingar þar sem kallaðir voru til efnilegir siglarar. hvar fram fór stöðumat og hugarfar keppnisfólks kannað með tilliti til lengri tíma áætlana.

Æfingabúðir SÍL voru haldnar í Keflavík dagana 26. júní -2 júlí undir stjórn Harðar og í samvinnu við Siglingafélagið Knörr í Keflavík. Þar æfðu 16 ungmenni í tveimur flokkum báta, þ.e. Optimist og ILCA. Herði til aðstoðar í Keflavík voru þeir Gunnar Kristinn Óskarsson og Gunnar Hlynur Úlfarsson. Að loknum æfingabúðum sendi Hörður frá sér tillögur til stjórnar um þau ungmenni sem efnilegust væru og sem hann taldi rétt að styðja áfram til frekari þjálfunar.

Það var stór hópur sem fór á Norðurlandamótið í Helsinki. 4 optimist siglarar sem allir voru úr Þyt í Hafnarfirði, en auk þess 4 ILCA 6 siglarar úr Brokey og Ými. Optimist siglarararnir voru þau Kjartan Christiansson, Marei Ari Bäumer, Valtýr Leo Ólafsson og Veronica Sif Ellertsdóttir. Í ILCA hópnum voru svo þau Árni Friðrik Guðmundsson Hólmfríður Gunnarsdóttir, Hrafnkell Hannesson úr Brokey og Sigurður Haukur Birgisson úr Ými

Þjálfarar á Norðurlandamótinu voru þeir Gunnar Kristinn Óskarsson og Gunnar Hlynur Úlfarsson. Fararstjóri var Helga Veronica Foldar.

Mótahald

Hvað varðar mótahald hjá kænum þá var það með hefðbundnum hætti og gekk vel, sérstaklega þegar leið á tímabilið. Yfirleitt tókst vel til með keppnishald en nokkur brögð voru að því að erfiðlega gengi að manna keppnisstjórnir. Ýmislegt getur skýrt að svo var, þ.m.t. nýfengið ferðafrelsi sem gerði það að verkum að margir voru erlendis síðasta sumar. Hér mega félögin engu að síður etv. gera betur enda mikilvægt er að tryggja keppnisstjórn með góðum fyrirvara.

Þá var haldið alþjóðlegt RS Aero mót á Akureyri dagana 21.-24 ágúst. Mótið var haldið með aðstoð Eimskipafélagsins, Batta ehf. og RS Sailing í Bretlandi. Keppendur voru 17 og komu víðs vegar að úr heiminum. Alþjóðlegt mót í siglingum hefur ekki verið haldið hér á landi síðan á smáþjóðaleikunum árið 1997. Mótið gekk í alla staði mjög vel og mikill áhugi á að endurtaka leikinn á næsta ári.

Mótahald hjá kjölbátum gekk ekki jafn vel og þurfti m.a. að aflýsa Íslandsmóti kjölbáta. Hér þarf virkilega að gera gangskör að því að gera betur og SÍL er boðið og búið til að veita aðstoð. Hugsanlega þarf að endurskoða umgjörð móta kjölbáta til að tryggja að framkvæmd móta verði betri en á síðasta ári.

Námskeiðahald

Í tengslum við RS Aero mótið á Akureyri var haldið keppnisstjóranámskeið. Leiðbenendur á námskeiðinu voru alþjóðlegu keppnisstjórnarnir marina Psychogyiou og Markus Schwendtner. Í framhaldi af þessu námskeiði verið að undirbúa frekara keppnistjóranám og er sá undirbúningur unnin í stærra samhengi er snýr að þróun í starfi SÍL.

Málþing

Þann 15. október hélt SÍL málþing um framtíð siglinga. Málþingið var haldið í húsnæði Siglingafélagsins Ýmis í Kópavogi. Öllu áhugafólki um siglinga var boðið að taka þátt. Þátttaka á málþinginu var framar vonum.

Þátttakendum var skipt í þrennt eftir umfjöllunarefnum, þ.e. *félagsstarf, menntun og keppnismál*. Fjölmargar tillögur komu fram og hefur stjórn SÍL haft þær til hliðsjónar í störfum sínum. Almennt má segja að helstu skilaboð af málþinginu hafi verið að meiri festu og reglu þyrfti í starf félaganna. Þá var mælt með því að félögin tækju sig á hvað varðar félagsstarfið sjálft, t.d. með því að halda fleiri félagskvöld eða viðburði og auka menntun þeirra sem koma að starfinu.

Uppskeruhátið

Uppskeruhátið SÍL var haldin þann 15. október að ný eftir nokkurra ára hlé. Hátiðin var haldin á SKÝ bar og tókst einstaklega vel. Verðlaun voru veitt fyrir Íslandsbikarinn sem kom í hlut Sigurborgarinnar úr Ými en einnig voru veitt verðlaun fyrir siglingakonu og siglingamann ársins. Hólmfríður Gunnarsdóttir úr Brokey var valin siglingakona ársins og Þórarinn Stefánsson, einnig úr Brokey, var valinn siglingamaður ársins. Siglingarefni ársins var valin Veronica Elliðadóttir úr Þyt Síðast en ekki síst var veitt viðurkenning fyrir sjálfboðaliða ársins og að þessu sinn hlotnaðist Unnari Má Magnússyni úr Siglingafélaginu Hafliða sá heiður.

Alþjóðlegt samstarf

Fulltrúar SÍL sóttu fund G-hóps Alþjóðsiglingasambandsins í Helsinki, dagana 30.sept-1.okt. Til þessa hóps teljast Norðurlöndin, auk Eystrasaltsríkjanna þriggja. Aðalefni fundarins var að undirbúa ársþing Alþjóðsiglingasambandsins og stilla saman strengi fyrir þann fund. Einnig var tækifærið notað til að kynna starfsemi og stöðu siglinga í löndunum, bera saman bækur og ræða samstarf og samvinnu.

Ársþing World Sailing var haldið í Abu Dhabi þetta árið og sóttu það Gunnar Haraldsson og Úlfur H. Hróbjartsson. Á þinginu var samþykkt að halda til streitu stefnu sambandsins um að heimila ekki Rússum og Hvít-Rússum að taka þátt í starfi sambandsins hvorki sem íþróttafólk né sem starfsmenn móta eða nefnda sambandsins.

Miklir möguleikar liggja í auknu samstarfi Norðurlandþjóðanna og eftir samtöl fulltrúa SÍL við forsvarsmenn Norska siglingasambandsins, bauðst ILCA 6 siglurum að taka þátt í æfingabúðum þeirra á Gran Canaria í febrúar 2023.

Í framhaldi af Norðurlandamóti ungmenna í Helsinki bauðst íslenskum Optimist siglurum að taka þátt í vetraræfingum með finnskum siglurum í Króatíu í febrúar 2023.

Úrslit 2022 móta

Kayak

Engar keppnir voru á keppniskrá kayakfólks árið 2022.

Kænur

Opnunarmót – Haldið af Siglingafélaginu Ými dagana 28-29.maí

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Jóhannes Macrander	Optim	Þytur
2	Kjartan Christiansson	Optim	Þytur
3	Marek Ari Baeumer	Optim	Þytur
4	Valtýr Leó Ólafsson	Optim	Þytur
5	Saga Pyykkönen	Optim	Þytur

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Hjörtur Björnsson	Ilca 6	Ýmir
2	Tóbý Sól Hermannsdóttir og Stefnir Gunnarsson	RS Quest	Þytur
3	Tómas Ingi Victorsson	Hansa 303	Þytur

Miðsumarmót – Haldið af Siglingafélagi Reykjavíkur – Brokey dagana 11-12.júní

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Marek Ari Baeumer	Optim	Þytur
2	Valtýr Leó Ólafsson	Optim	Þytur
3	Saga Sól Pyykkönen	Optim	Þytur
4	Franz Rögnvaldsson	Optim	Þytur

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Tara Ósk Markúsdóttir	ILCA 6	Þytur
2	Sigurður Haukur Birgisson	ILCA 6	Ýmir
3	Hrafnkell Stefán Hannesson	ILCA 6	Brokey
4	Gabriel Atrhúr Pétursson	ILCA 6	Þytur
5-6	Árni Friðrik Guðmundsson	ILCA 6	Brokey
5-6	Kirill Zolotuskiy	ILCA 6	Brokey

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Aðalsteinn Jens Loftsson	RS Aero	Ýmir
2	Hólmfríður Gunnarsd og Gunnar Haraldsson	RS Quest	Brokey

Æfingabúðamót SÍL- Haldið af Siglingafélaginu Knörr í Keflavík og SÍL dagana 1-2.júlí

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Veronica Sif Ellertsdóttir	Optim	Þytur
2	Valtýr Leó Ólafsson	Optim	Þytur
3	Daníel Ernir Jóhanns Gunnarsson	Optim	Brokey
4	Saga Sól Pyykkönen	Optim	Þytur
5	Orri Ákason	Optim	Brokey
6	Margrét Þórhildur Victorsdóttir	Optim	Þytur
7	Marek Ari Baeumer	Optim	Þytur
8	Valentin Genov	Optim	Þytur
8	Kjartan Christiansson	Optim	Þytur
9	Ingunn Gunnarsdóttir	Optim	Brokey

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Sigurð Hauk Birgisson	ILCA 6	Ýmir
2	Tara Ósk Markúsdóttir	ILCA 6	Þytur
3	Árni Friðrik Guðmundsson	ILCA 6	Brokey
4	Elias Joaquin Burgos	ILCA 6	Ýmir
5	Ólafur Arnarsson	ILCA 6	Ýmir

Íslandsmeistaramót – Haldið af Siglingafélaginu Þyt í Hafnarfirði dagana 3-7. Ágúst

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Kjartan Christiansson	Optim	Þytur
2	Valtýr Leó Ólafsson	Optim	Þytur
3	Jóhannes Macrander	Optim	Þytur
4	Daníel Ernir Jóhanns Gunnarsson	Optim	Brokey
5	Veronica Sif Ellertsdóttir	Optim	Þytur
6	Mahaut Ingiríður Matharel	Optim	Þytur
7	Heimir Halldórsson	Optim	Brokey
8	Margrét Þórhildur Victorsdóttir	Optim	Þytur

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Þorlákur Sigurðsson	ILCA 6	Nökkvi
2	Hófi Gunnarsdóttir	ILCA 6	Brokey
3	Hrafnkell	ILCA 6	Brokey
4	Tara Ósk Markúsdóttir	ILCA 6	Þytur
5	Sigurð Hauk Birgisson	ILCA 6	Ýmir
6	Hjalti Björn Bjarnason	ILCA 6	Brokey
7	Gabriel Athúr Pétursson	ILCA 6	Þytur
8	Elias Joaquin Burgos	ILCA 6	Ýmir

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Aðalsteinn Jens Loftsson	RS Aero	Ýmir
2	Mikael Lárus Thorarinsen	ILCA 4	Þytur
3	Rúnar Steinssen	Fin	Þytur
4	Tóbý Sól Hermannsd	ILCA 4	Þytur

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Kveldúlfur Snjóki M. Gunnarsson	RS Tera	Nökkvi
2	Elísabet Ósk Jónsdóttir	RS Tera	Nökkvi
3	Olaf Gnidziejko	RS Tera	Nökkvi
4	Þórir Steingrímsson	RS Tera	Nökkvi

Arctic RS Aero Championship

Haldið af Siglingfélaginu Nökkva á Akureyri dagana 21-24. Ágúst

Sæti	Land	Keppandi	Kyn	Félag
1		Peter Barton	M	Lymington Town SC
2		Ellie Craig	F	Starcross YC
3		Phil Whitehead	M	Yorkshire Dales SC
4		Juliane Barthel	F	Segler Club Dummer
5		Roy Van Maanen	M	Greystones SC
6		Karl Thorne	M	Lymington Town SC
7		Stephen Reichenfeld	M	Calgary Yacht Club
8		Daði Jón Hilmarsson	M	Nökkvi Sailing Club
9		Boris Mezhibovskiy	M	Cedar Point YC, CT
10		Lesley Reichenfeld	F	Calgary Yacht Club
11		Björn Rúnarsson	M	Nökkvi Sailing Club
12		Aðalsteinn Loftsson	M	Siglingafélagio Ymir
13		Melissa Solnick	F	Fraglia Vela Riva
14		Hjalti Bjarnason	M	Brokey Reykjavik
15		Árni Friðrik Guomundsson	M	Brokey Reykjavik
16		Gauti Arnarsson	M	Nökkvi Sailing Club
17		Peter Haupt	M	Seglergemeinschaft Hengsteysee
18		Jón Þorberg Ólafsson	M	Brokey Reykjavik

Akureyrarmót/Lokamót – Haldið af Siglingfélaginu Nökkva á Akureyri dagana 27-28. ágúst

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Veronica Sif Ellertsdóttir	Optim	Þytur
2	Marek Ari Baeumer	Optim	Þytur
3	Kjartan Christiansson	Optim	Þytur
4	Jóhannes Macrande	Optim	Þytur
5	Heimir Halldórsson	Optim	Brokey
6	Saga Sól Pyykkönen	Optim	Þytur
7	Guðmundur leó Gunnarsson	Optim	Brokey
8	Vaka Margrét Gylfadóttir	Optim	Þytur
9	Daníel Ernir Gunnarsson	Optim	Brokey
10	Haraldur Wilhelm Þórisson	Optim	Þytur
11	Elísa Axelsdóttir	Optim	Þytur

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Mikael Lárus Thorarinsen	ILCA 4	Þytur
2	Tóbý Sól Hermannsd	ILCA 4	Þytur

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Hólmfríður Gunnarsdóttir	ILCA 6	Brokey
2	Sigurður Haukur Birgirsson	ILCA 6	Ýmir
3	Árni Guðmundsson	ILCA 6	Brokey
4	Daði Jón Hilmarsson	ILCA 6	Nökkvi
5	Hrafnkell Stefán Hannesson	ILCA 6	Brokey
6	Hjalti Björn Bjarnasson	ILCA 6	Brokey
7	Esra Antille	ILCA 6	Ýmir
8	Elias Burgos	ILCA 6	Nökkvi
9	Kirill Zolotuskiy	ILCA 6	Brokey

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
1	Alex Rúnar Pálsson Mahaut Ingiríður Matharel	RS Feva	Nökkvi
2	Lára Rúna Kristjánsdóttir Elísabet Newman	RS Feva	Nökkvi
3	Olaf Gnidziejko Þórir Steingrímsson	RS Feva	Nökkvi
4	Kveldúlfur Snjóki Gunnarsson Rikki Nökkvi	RS Feva	Nökkvi

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag
	Aðalstein Jens Loftsson	RS Aero	Ýmir

Áramót – Ýmir

Áramótið 2022 féll niður vegna hafiss.

Kjölbátar

Opnunarmót – Haldið af Siglingafélaginu Þyt í Hafnarfirði dagana 21-22 maí.

Sæti	Bátur	Félag	Skipstjóri
1	Sigurborg	Ýmir	Hannes Sveinbjörnsson
2	Ísmolinn	Hafliði	Gunnar Geir Halldórsson
3	Dögun	Brokey	Þórarinn Stefánsson
4	Íris	Brokey	Aron Árnason

Hátíð hafsins - Brokey

Féll niður.

Faxaflóahafnir - Brokey

Féll niður.

Íslandsmót - Ýmir

Féll niður.

Lokamót - Haldið af Siglingafélaginu Ými í Kópavogi dagana 3-4 sept.

Sæti	Bátur	Félag	Skipstjóri
1	Dögun	Brokey	Þórarinn Á Stefánsson
2	Sigurborg	Ýmir	Hannes Sveinbjörnsson
3	Sif	Ýmir	
4	Ísmolinn	Hafliði	Gunnar Geir Halldórsson

Íslandsbikar – endanleg úrslit

Sæti	Bátur	Félag	Opunar -mót	Hátíð hafsins	Faxaflóa -mót	Loka- mót	Mbl mótaröðin	Stig
1	Sigurborg	Ýmir	1			2	2	5
2	Dögun	Brokey	3			1	1	5
3	Ísmolinn	Hafliða	2			4	4	10
4	Íris	Brokey	4			5	3	12
5	Sif	Ýmir	5			3	6	14
6	Besta	Brokey	5			5	5	15
7	Gulla granna	Brokey	5			5	7	17
8	Borgin	Brokey	5			5	8	18
9	Stella	Brokey	5			5	9	19
10	Ásdís	Ýmir	5			5	10	20
11	Sigurvon	Brokey	5			5	11	21

Lög SÍL

Lög Siglingasambands Íslands (SÍL)

1. Skipulag

- 1.1 Sambandið heitir Siglingasamband Íslands skammstafað SÍL.
Það er æðsti aðili innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) um alla þætti siglinga og málefnum þeim tengdum.
- 1.2 Heimili og varnarþing Siglingasambandsins er í Reykjavík.
- 1.3 Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á siglingar undir seglum, árum, drekum eða vélarafli, eru aðilar að SÍL, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi eða íþróttabandalagi.
- 1.4 Tilgangur og markmið.
Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er það í verkahring SÍL að sinna hagsmunamálum sem tengjast siglingum svo sem á sviði fræðslu-, réttinda-, öryggis-, samgöngu-, ferða og umhverfismála.
Önnur markmið eru:
 - Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu siglinga m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.
 - Að vera málsvari siglingamanna jafnt innanlands sem erlendis.
 - Að koma fram fyrir hönd siglinga gagnvart opinberum aðilum.
 - Að þýða alþjóðlegar kappsiglingareglur og gefa út.
 - Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara og keppnisstjóra, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
 - Efla siglingar sem tómstunda- og almenningsíþrótt.

2. Stjórnun

- 2.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af
 - a) Siglingaþingi
 - b) Stjórn SÍL
- 2.2 Reikningar SÍL skulu endurskoðaðir ár hvert af félagslegum skoðunarmönnum reikninga sem siglingaþing kýs árlega til eins árs í senn. Félagslegir skoðunarmenn reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir SÍL sem snerta fjármál. Þeir bera ábyrgð gagnvart siglingaþingi og skulu þeir eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi SÍL og er stjórninni skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess. Felli siglingaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til aukabings (sbr. lið 5) sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

3. Siglingaþing

- 3.1 Siglingaþing fer með æðsta vald í málefnum SÍL.
- 3.2 Siglingaþing sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.
- 3.3 Þrír fulltrúar koma frá hverju aðildarfélagi innan hvers héraðssambands eða íþróttabandalags.
- 3.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða boðað til þess bréflaga eða með tölvupósti með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.
- 3.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL, bréflaga eða með tölvupósti minnst 3 vikum fyrir þingið.

- 3.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/ íþróttabandalögum og aðildarfélögum fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið.
- 3.7. Fastanefndir SÍL starfa á milli þinga og tveim vikum fyrir Siglingaþing skal nefndarmönnum vera sendar tillögur sem liggja fyrir þinginu. Formaður nefndar kallar saman nefndina til að fara yfir tillögur og l eggja fram álit á siglingaþingi. Fundir nefndanna mega vera rafrænir og opnir fyrir áheyrndur. (Bætt við á 48. Siglingaþingi)
- 3.8 Siglingaþing er lögmeitt ef löglega hefur verið til þess boðað.
- 3.9 Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétt hafa:
- stjórn SÍL
 - heiðursformaður og heiðursfélagar
 - fulltrúi héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur siglingar innan sinna vébanda
 - framkvæmdastjórn ÍSÍ
 - fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSÍ
 - allir nefndarmenn SÍL
 - fulltrúi ráðuneytis íþróttamála auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
- 3.10 Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar siglingar og er innan sérráðs eða héraðssambands/ íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.
- 3.11 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en einni viku fyrir siglingaþing.
- 3.12 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrir þann aðila sérráðs eða sambands/ bandalags sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

4. Dagskrá siglingaþings

- Formaður setur þing.
- Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
- Kjörinn þingforseti.
- Kjörmir 1. og 2. þingritari
- Ávörp gesta
- Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
- Lögð fram skýrsla stjórnar
- Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins.
- Umræður um skýrslu stjórnar
- Umræður um og samþykkt reikninga
- Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
- Lagabreytingatillögur
- Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
- Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
- Tillögur fjárhagsnefndar
- Kosningar
 - Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.

- b) Kosning fastanefnda (Breyting gerð á 48 Siglingaþingi) (Stjórn SÍL á komandi ári þurfi að finna og skilgreina hlutverk þessara nefnda sem verði lagt fyrir SÍLÞING 2022)
 - i) Fjárhagsnefnd 3 manna
 - ii) Laga- og leikreglnanefnd 3 manna
 - iii) Mótanefnd 3 manna
- c) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
- d) Fulltrúa á íþróttáþing í samræmi við reglur ÍSÍ

17. Þingslit

18. Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal

- 4.2 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir mál sem fram kemur eftir að dagskrá þingsins hefur verið send sambandsaðilum SÍL.
- 4.3 Árskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

5. Aukaping

5.1 Aukaping skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara.

- a) Eftir ákvörðun siglingaþings
- b) Þegar a.m.k. ½ sambandsaðila óskar þess.
- c) Að frumkvæði stjórnar SÍL

5.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukapingi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.

5.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukaping skal senda aðilum dagskrá þingsins.

5.4 Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

5.5 Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing.

6. Stjórn SÍL og nefndir

6.1 Í stjórn SÍL eiga sæti.:

- a) 5 menn.
 - Kosning fari þannig fram;
 - 1 formaður
 - 4 meðstjórnendur
 - 3 varamenn

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

- b) Stjórn kýs varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.
- c) Varamenn taki sæti í stjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir.
- d) Ef formaður hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.

6.2 Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður SÍL boðar stjórnarfundum og stýrir þeim.

6.3 Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.

6.4 Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

6.5 Nefndir kosnar á Siglingaþingi starfa fram að kosningu á næsta þingi og geta verið ráðgefandi fyrir stjórn SÍL. Fyrir þing skulu þær fara yfir þær tillögur sem liggja fyrir þinginu og gefa álit á þeim tillögum. (bætt við á 48 Siglingaþingi)

7. Starf stjórnar

7.1 Starf stjórnar SÍL er m.a.;

- a) Að framkvæma ályktanir siglingaþings
- b) Að annast rekstur sambandsins.
- c) Að vinna að eflingu siglinga.
- d) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- e) Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
- f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- g) Að ráðstafa þeim styrkjum sem SÍL fær til umráða.
- h) Að koma fram erlendis fyrir hönd SÍL.
- i) Að sjá útgáfumál SÍL.

7.2 Stjórn SÍL skal gæta þess að formannafundur séu haldnir amk einu sinni á hverju sex mánaða tímabili.

8. Sérráð

- 8.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd skal SÍL vinna að stofnun sérráða.
- 8.4 Stjórn SÍL hefur frjálstan aðgang að öllum siglingamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, Dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

9. Ýmis ákvæði

- 9.1 Merki SÍL: merki siglingasambandsins er hvítt stórsegl og ár á bláum grunni.
- 9.2 Heiðursformann SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mættra fulltrúa samþykkja kjörið.
- 9.3 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.
- 9.4 Heiðursfélaga SÍL má kjósa á siglingaþingi.
- 9.5 Heiðursfélagar hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétt.

10. Slit SÍL

- 10.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögmætu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða.
- 10.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerð og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.
- 10.3 Ráðstöfun eigna: Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu. Þar til annað siglingasamband verður stofnað og skulu þá eignir gamla SÍL renna til þess óskertar.
- 10.4 Lagabreytingar: lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Lög þessi voru samþykkt á 40. Siglingaþingi 23. febrúar 2013, með breytingum samþykktum á 41. Siglingaþingi 22. febrúar 2014, með breytingum samþykktum á 45. Siglingaþingi 17. febrúar 2018, með breytingum samþykktum á 48. Siglingaþingi 27. febrúar 2021 með breytingum samþykktum á 49. Siglingaþingi 27. mars 2022

Reikningar 2022

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2022

Rekstrartekjur	2022	2021
Íþróttta og Ólympíusamband Ísl.	900.000	9.163.879
Útbreiðslustyrkur	3.851.145	
Ríkisstyrkur	2.250.000	2.789.352
Afrekssjóður ÍSí	1.315.610	1.800.000
ÍSí Lottó	4.300.943	4.651.205
Þáttökugjöld	1.205.928	
Námskeiðagjöld	62.500	52.500
Æfingabúðir	200.000	
IRC forgjöf kjölbáta	141.386	261.429
Lokahóf SÍL	115.500	
	14.343.012	18.718.365
Rekstrarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld		
Laun	5.000.000	1.248.000
Launatengd gjöld	675.915	189.072
Tryggingargjald	332.352	86.405
	6.008.267	1.523.477
Húsnæði og skrifstofukostnaður		
Húsaleiga	517.932	470.844
Bókhalds- og uppgjörskostnaður	241.736	182.766
Síma- lénskostn og hugb. þjónusta	93.358	52.380
Tölvubún og leiga á hugb. leifum	185.796	56.947
	1.038.822	762.937
Annar kostnaður		
Ferða og hótellkostnaður	1.298.574	496.294
Námskeiðakostnaður	90.970	370.480
Mót erlendis	3.577.500	
Æfingabúðir	228.327	1.155.743
Félags og aðildargjöld	168.286	167.415
IRC forgjöf	28.365	185.296
Styrkir	149.268	
Fundarkostnaður	191.510	36.482
Verktakar	1.775.000	2.191.500
Verðlaunapeningar	46.900	135.000
Tryggingar		28.431
Lokahóf	165.000	
Fyrningar		1.024.460
	7.719.700	5.791.101

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	294.430	25.513
Vaxtagjöld	-14.498	-10.103
Innheimtu, posa og þjónustugjöld	-27.462	
Fjármagnskostnaður	-64.775	
Samtals	187.695	15.410
Hagnaður/Tap ársins	-236.082	10.656.260

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2022

	2022	2021
EIGNIR		
<i>Fastafjármunir:</i>		
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Áhöld og tæki	1.220.968	1.024.460
	<hr/>	<hr/>
	1.220.968	1.024.460
<i>Veltufjármunir:</i>		
Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur	2.734.329	3.110.196
Aðrar viðskiptakröfur	5.613	5.613
Handbært fé:		
Bankareikningar	18.183.907	18.240.316
	<hr/>	<hr/>
Veltufjármunir samtals	20.923.849	21.356.125
	<hr/>	<hr/>
Eignir alls	22.144.817	22.380.585
	<hr/>	<hr/>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
<i>Eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	21.564.396	21.800.478
	<hr/>	<hr/>
Eigið fé samtals	21.564.396	21.800.478
	<hr/>	<hr/>
<i>Skuldir</i>		
Lánadrottinnar	444.339	345.387
Launatengd gjöld	136.082	234.720
	<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals	580.421	580.107
	<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé alls	22.144.817	22.380.585
	<hr/>	<hr/>

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2022 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við.

Reykjavík 16. febrúar 2023

Gunnar Úlfarsson

Ólafur Már Ólafsson